

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

1. *Urriðaholt – norðurhluti, 3. áfangi, deiliskipulag.*
Deiliskipulagið, sem nær til 9 ha svæðis, gerir ráð fyrir að hámarki 327 íbúðum í fjölbýli (3-5 hæðir) og rað- og parhúsum (1-2 hæðir), af mismunandi stærð í blandaðri byggð sem getur hentað fyrir alla aldurshópa. Við Urriðaholtsstræti verða fjölbýlishús með atvinnutengdri starfsemi á neðstu hæð sem snýr að götunni.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

2. *Mosagata 2, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts - vesturhluta.*
Breytingin gerir ráð fyrir því að íbúðum í fjölbýlishúsinu fjölgi úr 3 í 5 og að gert verði ráð fyrir bílastæðum inni á lóðinni.
3. *Vesturhraun 5, breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.*
Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits lóðarinnar Vesturhrauns 5 til vesturs.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 24. nóvember 2016.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2016